

HULA - byggðasamlag um sörpmeðferð
Austurvegi 17
870 Vík

14. nóvember 2025
UOS2501538/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 20. ágúst 2025 – ID 52

Þann 20. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Hulu bs. við Skógasand. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjögur eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Frávik er varðar urðun umfram heimildir. Á Skógasandi hefur verið urðað umfram heimildir á urðunarstað Hulu bs. árin 2016, 2018, 2019, 2020, 2021, 2022, 2023 og árið 2024. Rekstraraðili hugðist leggja fram matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna áforma rekstraraðila um að sækja um breytingu á starfsleyfi. **Í erindi frá rekstraraðila þar sem áformum um áminningu og kröfu um úrbótum er svarað, dags 22. ágúst 2025 kemur fram að rekstraraðila sé kunnugt um að urðað hafi verið umfram starfsleyfi og nefnir hann að aukningin sé fyrst og fremst tilkomin vegna mikillar fólksfjölgunar og hraðrar uppbyggingar í ferðaþjónustu sem leitt hafi til aukins úrgangsmagns. Kemur fram að rekstraraðili vinni með ráðgjafa að drögum að matskyldufyrirspurn, sem voru fullkláruð og drög af þeim lögð fram í eftirliti en tafir hafa orðið vegna formlegra atriða varðandi urðunarstaðinn er koma fram í svörum rekstraraðila. Stóð til að klára það formsatriði í september 2025. Umhverfis- og orkustofnun hefur kallað eftir frekari upplýsingum um stöðu mála en ekki fengið nein viðbrögð. Fráviki er ólokið. Stofnunin mun fylgja frávikinunni eftir í sér bréfi.**
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun var ekki til staðar við eftirlit 2024, en slík áætlun er byggð á áhættumati sem unnin er vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004. **Í svörum rekstraraðila kom fram að unnið sé að gerð viðbragðsáætlunar fyrir urðunarstaðinn, stóð til að afhenda hana til Umhverfis- og orkustofnunar í september 2025. Áætlanir hafa ekki gengið eftir og er því fráviki ólokið. Stofnunin mun fylgja frávikinunni eftir í sér bréfi.**

3. Gr. 5.1 í starfsleyfi og varðaði ófullnægjandi skil á skráningum. **Í svörum rekstraraðila greinir hann frá að hann hyggist í samstarfi við verktaka tryggja að skráningar innra eftirlits verði markvissar og í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Jafnframt verði þess gætt að skýrslugjöf til eftirlitsaðila fari fram innan lögboðinna fresta. Úrbætur hafa farið fram á þessu atriði að hluta til en fráviki verður ekki hægt að loka fyrr en staðið er við öll skilyrði starfsleyfis varðandi skráningar og tímafrestur virtur. Frávikið telst ólokið þar til bætt hefur verið úr þessu atriði.**
4. Gr. 5.4 í starfsleyfi og varðaði skil á niðurstöðum skráninga innan tilskilins tímafrests, en skiladagur var ekki virtur. **Vísast í svar hér að ofan.**

Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári. Árið 2024 voru urðuð 1.621 tonn á urðunarstað Hulu bs. við Skógasand.
2. Gr. 2.12 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins, sbr. 41 gr. laga nr. 55/2003. Skal tryggingin gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað. Slík trygging lá ekki fyrir við eftirlit.
3. Gr. 3.2. í starfsleyfi. Vísast í niðurstöðu vöktunar grunnvatns. Leiði niðurstöður eftirlitsmælinga í ljós mengun í grunnvatni verður útgefandi starfsleyfis að fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær til samræmis við 3. gr. í l. viðauka í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Vísast einnig í niðurstöður vöktunar í megintexta skýrslunnar.
4. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Varðar ófullnægjandi skráningar. Rekstraraðila ber að framkvæma og skrá árlega breytingu á umfangi urðaðs úrgangs (sigmælingar) sbr. 4. tölul. starfsleyfis. Engar mælingar hafa verið gerðar á urðunarstaðnum á Skógasandi. Bæta þarf einnig úr skráningum vegna móttækis úrgangs til urðunar og samræma við rg. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. **Vísast í sama svar og varðandi eldra frávik varðandi ófullnægjandi skráningar.**
5. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Í mælibrunni SKS-1 (neðan urðunarstaðar), mælist heildarstyrkur köfnunarefna yfir efstu umhverfismörkum (ofauðugt). Mörkin eru 2,5 mg N/l en árið 2024 mælist styrkur þess 4,06 mg N/l (mæling í okt) og 2,65 (mæling í apríl). Einnig mælist styrkur köfnunarefnis yfir efstu umhverfismörkum í SKS-0, þ.e. 2,95 mg N/l.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. desember 2025.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits

Frigg Thorlacius
lögfræðingur í teymi eftirlits